



Kviðsjáraðgerð

Dagaðgerð / Útskriftarfræðsla

Verkir og verkjalyf:

Búast má við verkjum í kvið og óþægindum upp í axlir. Verkir í öxlum koma vegna lofts sem eftir verður í kviðarholi og ertir þindina. Einnig má búast við eymslum í nafla og í skurðsárum á kvið. Mælt er með parasetamóli og íbúprófeni til verkjastillingar ef ekki er frábending fyrir notkun. Hámarksskammtar af parasetamóli eru 1 g þrisvar til fjórum sinnum á sólarhring og íbúprófeni 400 mg fjórum sinnum á sólarhring.

Skurðsár:

Ekki er nauðsynlegt að hafa umbúðir yfir skurðsárum en settir eru litlir plástrar næst sárinu sem hafðir eru á þar til þeir fara að losna. Ef litlu plástrarnir eru ekki dottnir af eftir 3–4 daga, þá má fjarlægja þá þegar þú ferð í sturtu. Eingöngu eru notaðir saumar sem eyðast af sjálfu sér.

Ráðleggingar eftir aðgerð :

- Forðast skal mikla líkamlega áreynslu í allt að tvær vikur eftir aðgerð svo sem þrekæfingar, hlaup, hjólréiðar og erfið heimilisstörf. Einnig ber að varast að lyfta eða bera þunga hluti (yfir 10 kg) á meðan skurðsárin eru að gróa en það tekur um tvær vikur.
- Fara má í sturtu sólarhring eftir aðgerð. Mælt er með sturtu en ekki baði/sundi fyrr en skurðsár eru gróin.
- Blætt getur frá leggöngum í allt að tvær vikur eftir aðgerð. Blæðing er yfirleitt væg.
- Notaðu eingöngu bindi en ekki túrtappa/álfabikar meðan blæðing varir.
- Óhætt er að hafa samfarir tveimur vikum eftir aðgerð.
- Ekki má aka bíl aðgerðardaginn vegna áhrifa svæfingarlyfja.
- Hafðu hægt um þig aðgerðardaginn.
- Ráðlögð hvíld frá vinnu er 3-7 dagar, fer það eftir hvernig vinnu þú stundar og hvað var gert í aðgerðinni.
- Ráðlagt er að hafa aðstandenda hjá sér fyrsta sólahring eftir aðgerð.

Hafa skal samband við móttöku kvenlækningadeildar næstu tvær vikurnar ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Það blæðir ríkulega svo að stórt bindi fyllist (næturbindi eða sambærileg) á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.
- Nýrra verkja í kvið verður vart eða verkir svara ekki verkjalyfjum.
- Hiti er yfir 38°C.
- Vessi, roði, bólga og hiti í skurðsárum.
- Sviði við þvaglát, verkir yfir lífbeini og tíð þvaglát.

Símanúmer

Móttaka kvenlækningadeildar 21A er opin virka daga frá kl. 8-16, sími 543-3224. Ef eitthvað brátt kemur upp á sem ekki getur beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543-1000 og biðja um samband við legudeild kvenlækningadeildar 21A. Hafa má samband við kvenlækningadeild næstu tvær vikur eftir aðgerð en eftir þann tíma er ráðlagt að hafa samband við heilsugæslu. Ef um brátt ástand er að ræða skal hafa samband við 112.

Starfsfólk kvenlækningadeildar

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
KVENLÆKNINGAÐEILD 21A
JÚNÍ 2018
LSH-

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR KVENLÆKNINGA,
DEILDARSTJÓRI 21A

HÖNNUN:

SAMSKIPTAÐEILD